

## Gönguferð á Skarðsheiði

Í augum þeirra, sem þekkja vel til í Borgarfjarðarhéraði eru það einkum þrjú fjöll sem setja sérstakt svipmót á hinn fagra sjóndeildarhring er umlykur það. Hvert þeirra hefur sína sérstöku lögun og lit: Baula, keilulagað líparíttfjall, Eiríksjökull með kúptan koll, jökli krýndan og Skarðsheiði, sem gnæfir í suðri með sinn breiða faðm, háu tinda og svimandi hengiflug. Og fyrir þessum útverði í suðri bera Borgfirðingar fulla virðingu. Voldug bygging hans og reisin skapar traust og vissa lotningu og þeir sem huga að veðurfari og spá til veðurs renna gjarnan augum til hans í von um svör.

Og ekki er Skarðsheiðin ung að árum. Fræðimenn í jarðvísindum telja aldur hennar allt að 5 milljón ár. Á því langa æviskeiði hefur fjallið verið hart leikið af hinum eyðandi náttúruöflum, ekki síst ísaldarjökklunum sem surfu það, fægðu og skófu án nokkurrar miskunnar. Enda ber lögum fjallsins nú glögglega merki þeirra heljarátaka, sem áttu sér þar stað á þeim tíma.

En í dag er friðsælt í kringum fjallið. Regn, vindar og smásveiflur hita og kulda gera þó enn smá áhlaup á hinn harða skráp þess, en verður lítt ágengt, sem ekki er von. Svo harðbrynjaður er hann orðinn eftir milljóna ára stríð.

Gönguferðin í dag er á þetta fjall. Hún verður nokkuð erfiðari en venjulega, en samt fullfær þeim, sem hafa nokkurt gönguþol og kunna að haga gönguhraða og hvíldum af skynsemi. Um margar leiðir er að velja á fjallið, þær bestu að austan og sunnan. Takmark okkar að þessu sinni er Heiðarhornið, hæsti tindurinn 1053 m y.s.

Við hefjum gönguna frá Efraskarði í Svínadal í um 100 m hæð y.s. og tökum stefnuna á Skarðsdalinn sem gengur norður í fjallið milli Skarðshyrnu að vestan og Tungukambs að austan. Dalurinn grynast smátt og smátt og þegar komið er inn í botn, í um 700 m hæð er beygt til vinstri og stefnan tekin á grunnt skarð, sem er milli Skarðshyrnunnar og Heiðarhornsins, sem nú blasir við og hvetur til frekari átaka. Þegar komið er í skarðið er sveigt til hægri og gengið eftir mjóum rana upp á sjálft hornið og að vörðunni, sem þar er á hæsta stað.

Af Heiðarhorni er útsýnið bæði vítt og fagurt. Meginhluti Borgarfjarðarhéraðs liggur fyrir fótum manns og sjóndeildarhringurinn markast af Reykjaneskaga, Snæfellsnesi og fjöllum norðan heiða og í austri og suðri blasa við sjónum jöklar og hákrýnd, nafnkennd fjöll, sem ástæðulaust er að nefna hér.

Talið er að nafn fjallsins sé dregið af hinni fornu þjóðleið milli Andakíls og Leirársveitar, sem liggur um Leirdal og Miðfitjar vestan undir Heiðarhorninu. Var þessi leið nefnd Skarðsheiðarvegur hinn syðri og mjög fjölfarin. Miðfitjahóll stendur við götuna. Sagnir herma að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi tröllskessa búið í Skarðsheiði. Henni var illa við kristna trú og þegar kirkja var byggð fyrst á Hvanneyri hugðist skessan eyðileggja hana. Þreif hún upp stóran stein og kastaði honum í áttina að kirkjunni. En skotið geigaði og lenti steinninn í stórum flóa skammt fyrir austan kirkjuna. Þar situr hann enn öllum til sýnis og heitir Grásteinn.

Ferðamenn sem leið áttu um Skarðsheiðarveg voru ekki óhultir fyrir skessu þessari. Lá hún í leyni við klettastall einn skammt frá Miðfitjahól og réðist á þá, er hún sá sér færi. Heitir stallur þessi Skessusæti. Við aðfarir skessunnar lögðust ferðir manna nær af, en að lokum tókst bóndanum á Grund í Skorradal að ráða niðurlögum hennar eftir harðvítuga viðureign. Síðan hafa tröll ekki búið í Skarðsheiði.

Svona sagnir leita gjarnan á hugann og eru sagðar í ferðum sem þessum. Upprifjun þeirra örvar ímyndunaraflið og blæs lífi í kaldan stein.

Af Heiðarhorninu höldum við til baka sömu leið, en sé tími nægur, er ekki úr vegi að rölta austur á brúnirnar og jafnvel út á Skarðshyrnu. Sá krókur borgar sig.

(Mbl. 23. ágúst 1981)